

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, 4. maí 2018

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 – 2029, 479. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 20. mars sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 – 2029.

Samtök náttúrustofa fagna þessari tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun.

Rétt er þó að benda á röðina sem talin er upp í fyrstu efnisgrein. Þar er vernd náttúru og menningarsögulegra minja sett í b)-lið, en ætti að okkar mati að vera í a)-lið. Þar sem tillagan snýr að vernd náttúru og menningarsögulegum minjum, er rétt að hafa náttúruna í fyrsta sæti og það sem er mannanna verk í síðari sætum.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS
